

*Kæri nemandi, vertu velkomin í verknám á Landspítala!  
Áður en verknám þitt hefst þarft þú að gera eftirfarandi:*

- Heilsuvernd:** Uppfylla kröfur Landspítala um heilsuvernd og skila bólusetningarvottorðum fyrir grunnbólusetningum, lifrabólgu B, neikvæðu berklaprófi og ef við á, niðurstöðu úr MÓSA ræktun sjá nánar hér: [Heilsuvernd – Upplýsingar fyrir nemendur á Landspítala](#)

- Þagnarskylda og reglur um sjúkraskrárupplýsingar:** Skrifa undir tvö skjöl með eigin hendi: [þagnarskyldu](#) og [yfirlýsingu vegna aðgangs að sjúkraskrárkerfum Landspítala](#) og skila til umsjónarmanns náms. Skönnuð eintök nægja.

Nemendur sem stunda nám í skólum á Íslandi skila gögnum til umsjónarmanns náms í skóla.

Nemendur sem stunda nám í skólum erlendis skila gögnum til [nemar@landspitali.is](mailto:nemar@landspitali.is) eða til umsjónarmanns á námsdeild.


- Auðkenniskort\*:** Gera beiðni um auðkenniskort í beiðnakerfi: [audkenniskort.landspitali.is](http://audkenniskort.landspitali.is) Frekari upplýsingar; sendu póst á [audkort@landspitali.is](mailto:audkort@landspitali.is) eða hringdu í s. 543-1880.

\*Sjá nánar [gæðaskjal 2.09.01 Auðkenniskort fyrir nemendur og kennara á Landspítala](#)

### Þegar komið er á námsdeild á Landspítala:

- Aðgangur að tölvukerfum**  
Stofna *Leynihólf* en í því verða framvegis aðgangsorð þín að rafrænum kerfum á Landspítala:

- Fara á innri vef Landspítalans (<https://innri.lsh.is/>) í Landspítalatölvu og velja þar *Leynihólfið*.
- Skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum og þá opnast leynihólfið. Þar eru lykilorðin að þeim kerfum sem veittur er aðgangur að.
- Ef vandræði verða með leynihólf eða aðgang að rafrænum kerfum sendir þú póst á [adgangur@landspitali.is](mailto:adgangur@landspitali.is) eða hringir í þjónustuver: 543-1550.



- Logbók:** Nemar í námi erlendis þurfa að senda fyrirfram eða sýna á fyrsta degi yfirlækni/umsjónarmanni náms á deild, logbók eða markmiðalýsingu þar sem koma fram þær námskröfur sem skóli setur varðandi verknámið.

### Hagnýtar upplýsingar:

**Mötuneyti:** Þú hefur aðgang að mötuneytum Landspítala meðan á verknámi stendur. Auðkenniskort virkjar afslátt af framreiddum mat í mötuneytum spítalans, ekki af kæli- og sjálfsafgreiðsluvörum. Þú þarft að staðgreiða á kassa.

**Samgöngur og bílastæði við Hringbraut og í Fossvogi:** Best er að nota umhverfisvænan ferðamáta til og frá Landspítala. Komir þú á einkabíl þá er nauðsynlegt að kynna sér upplýsingar um fyrirkomulag bílastæða við Landspítala á Hringbraut. Í mjög stuttu máli gildir eftirfarandi á meðan þú ert í verknámi:

- ❑ Heimilt er að leggja gjaldfrjálst í svokölluð „fjærstæði“ sem merkt eru með bláu á kortinu [sjá hér](#) en þá þarft þú að skrá bílnúmerið þitt hjá [GreenParking](#). Þú verður að vera með virkt auðkenniskort til að geta gert það.
- ❑ Hleðslustæði ON og nærstæði sem merkt er með rauðu á kortinu eru ávallt gjaldskyld, [sjá hér](#) og þú þarft alltaf að greiða fyrir að leggja í slík stæði þótt þú hafir skráð bílnúmerið þitt hjá [GreenParking](#).
- ❑ Ítarlegar upplýsingar um bílastæði Landspítala við Hringbraut og kort af bílastæðum er að finna [hér](#).

Við Landspítala í Fossvogi eru bæði gjaldskyld og ógjaldskyld bílastæði. Ætlast er til þess að bæði starfsfólk og nemar leggi í ógjaldskyld stæði. Gjaldskyld stæði næst spítalanum eru ætluð sjúklingum og aðstandendum þeirra.

### Tryggingar

Til umhugsunar - Samkvæmt 7. gr. b-lið laga um [slysatryggingar almennatrygginga nr. 45/2015](#) er nemandi sem stundar nám á Landspítala slysatryggður meðan á námi stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila, en er eindregið hvattur til þess að íhuga stöðu sína og þá vernd sem einkavátryggingar veita. Nemar í klínísku námi njóta sömu tryggingaverndar að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum og starfsmenn spítalans, enda vinna þeir á ábyrgð kennara sinna á Landspítala.